



**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**  
**Skúlagötu 4**  
**101 Reykjavík**

Reykjavík, 10. janúar 2019

**Umsögn Landssambands veiðifélaga um drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast lögum um fiskeldi.**

Landssamband veiðifélaga lýsir vonbrigðum með að heildarendurskoðun laga nr. 71/2008 skuli enn slegið á frest. Vísar Landssambandið í því sambandi til bráðabirgðaákvæðis laga nr. 49/2014 um heildarendurskoðun fiskeldislaga. Fyrir liggur að frumvarp til breytinga á lögum um fiskeldi sem lagt var fyrir 148. löggjafarþing náði ekki fram að ganga. Það frumvarp skal nú lagt fram í gjörbreyttri og verri mynd hvað mikilvægasta efni þess varðar. Með þessum vinnubrögðum er ráðherra að hella olíu á eld átaka um framtíð og stefnu laxeldis í sjó við Ísland. Landssambandið lýsir allri ábyrgð á hendur ráðherra vegna þeirra átaka sem hann fyrirsjáanlega stofnar til með frumvarpi þessu.

***Almennt um frumvarpið***

Landssamband veiðifélaga telur að frumvarp það til breytinga á lögum nr. 71/2008 sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur birt til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda sé svo meingallað að óhjákvæmilegt sé að á því verði gerðar grundvallarbreytingar. Þá er það ámælisvert að ekki er að finna skýra stefnumörkun í því frumvarpi sem hér er til umsagnar né öðru frumvarpi sem lagt er fram samtímis og varðar greiðslu fiskeldisfyrirtækja fyrir afnot af sameiginlegri auðlind. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkistjórnar er meginstefið að gæta skuli varúðar við uppbyggingu fiskeldis á Íslandi. Stuðla skuli að sjálfbærni með vernd lífríkisins að leiðarljósi. Landssambandið leggur þunga áherslu á að við lagabreytingar verði þessi stefna ríkisstjórnarinnar raunverulega mörkuð þannig að stuðlað verði að:

*“ábyrgu fiskeldi, þar sem sjálfbær þróun og vernd lífríkis er höfð að leiðarljósi á grundvelli vísinda og rannsókna”.*

Frumvarpsdrög þau sem hér liggja frammi til umsagnar ganga í raun þvert gegn og bera þess heldur ekki vott að nokkur tilraun sé gerð til að móta slíka stefnu. Mörg ákvæði þeirra eru til þess fallin að veikja stöðu þeirra sem vilja ekki óheft sjókvíaelði á norskum laxi í sjó við Ísland frá því sem nú er.

Þá eru markmiðsákvæði fiskeldislaga um að stuðla skuli að ábyrgu fiskeldi, tryggja verndun villtra nytjastofna og koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á þeim að engu höfð í frumvarpsdrögum

Þessum. Við framkvæmd laganna eða breytingar á þeim ber að leggja þetta ákvæði til grundvallar sem er skýrt með eftirfarandi hætti í greinargerð:

*„vöxtur og viðgangur atvinnugreinarinnar má ekki gerast á kostnað, viðgangs eða nýtingar villtra stofna. Í þessari takmörkun felst í raun að þegar ekki fara saman annars vegar hagsmunir þeirra sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar hagsmunir þeirra sem fjallað er sérstaklega í frumvarpi þessu vikja hinir síðarnefndu.“*

Landssambandið telur nauðsyn bera til að lögfestir verði sterkir hvatar til að beina sjókvíældi inn á umhverfisvænar brautir s.s. með notkun geldstofna eða lokaðra kerfa í eldinu. Hér þarf sérstaklega að huga að því að notaður er frjór norskur laxastofn í sjókvíældi við Ísland sem Erfðanefnd landbúnaðarins metur sem *framandi* stofn í íslenskri náttúru og hvetur til varúðar við útgáfu eldisleyfa á í stórum stíl. Í því sambandi ber einnig að líta til 63. gr. XI. kafla laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um innflutning og dreifingu lifandi framandi lífvera og skilgreininga laganna í þeim efnunum.

Því miður ganga fyrirbyggjandi frumvarpsdrög í þveröfuga átt. Með nýju ákvæði um svokallaðan samráðsvettvang eru leikmenn að meirihluta settir þar til höfuðs vísindamönnum Hafrannsóknarstofnunar og skal vettvangurinn leggja mat á vísindastörf þeirra með álitgerð á áhættumati erfðablöndunar. Þá er ráðherra gefið vald til að hafa vísindalegar niðurstöður að engu sýnist honum svo. Landssamband veiðifélaga telur að framangreind ákvæði frumvarpsdraganna séu fráleit og geti engan vegin talist samrýmanleg lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Taka verður mið af II. kafla náttúruverndarlaga um meginreglur þegar mælt er fyrir í löggjöf um meðferð vísindalegrar þekkingar á verndarstöðu og stofnstærð tegunda sbr. 8.- 11. gr. laganna. Landssambandið bendir því á að framkomnar hugmyndir í frumvarpsdrögum ráðherra eru hvort tveggja andstæðar lögum og einnig til þess eins fallnar að grafa undan vísindalegu sjálfstæði og trausti almennings á störfum Hafrannsóknarstofnunar. Í þessu ljósi er það fullkomin þversögn sem finna má í greinargerð með frumvarpsdrögum:

*„Eflögum verður ekki breytt og ekkert aðhafst mun óvissa um áhrif fiskeldis á umhverfi ráða för en ekki vísindi og rannsóknir.“*

Og enn fremur:

*“Það er stefna stjórnvalda að gæta ýtrustu varúðar við uppbyggingu fiskeldis og byggja ákvarðanir stjórnvalda um frampróun fiskeldis á ráðgjöf vísindamanna. Það er nauðsynlegt fyrsta skref við framkvæmd þessarar stefnu að lögfesta áhættumat erfðablöndunar og endurskoðun þess þannig að það verði lagt til grundvallar leyfilegu magni af frjóum eldislaxi í sjókvíum á hverjum tíma”.*

Ljóst má vera að verkefni fyrirhugaðs samráðsvettvangs er í engu samræmi við framangreinda yfirlýsingu í greinargerð sem einnig er í fullkominni mótsögn við þetta meginefni frumvarpsdraganna.

Í þeim kafla greinargerðar með frumvarpinu sem ber yfirskriftina tilefni og nauðsyn lagasetningar segir að:

„Frumvarpið byggist að stærstum hluta á tillögum starfshóps um stefnumótun í fiskeldi sem fram koma í skýrslu starfshópsins til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.“


Landssamband veiðifélaga telur nauðsynlegt að leiðrétta þá fullyrðingu að meginefni frumvarpsins, þ.e. það sem mestu máli skiptir, byggji á tillögum sem samkomulag náðist um og lýst er í skilabréfi starfshópsins hinn 18. ágúst. 2017 sem allir nefndarmenn undirrituðu ásamt eftirfarandi bókun stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva sem lögð var fram við undirritunina:

Reykjavík 18.08.2016

Landssamband fiskeldisstöðva skilar inn eftirfarandi bókun vegna stefnumótunarskýrslu Atvinnuvegaráðuneytisins fyrir fiskeldi.

Við stjórnarmenn Landssambands fiskeldisstöðva staðfestum með umdirritun okkar að bókun Landssambands fiskeldisstöðva vegna stefnumótunarskýrslu atvinnuvegaráðuneytisins er dregin til baka. Jafnframt lýsum við fullum stuðningi við störf og tillögur nefndarinnar.

  
Formaður stjórnar, Einar Kristinn Guðfinnsson

  
Víkingur Gunnarsson

  
Jón Kjartan Jónsson

Jónas Jónasson

  
Guðmundur Gíslason

  
Sigurður Pétursson

Í fyrirliggjandi frumvarpi eru gerbreyttar reglur um meðferð áhættumats í lögum frá þeim tillögum sem starfshópurinn gerði skriflegt samkomulag um og fram koma í skýrslu hans. Þær tillögur voru teknar upp óbreyttar að efni til í stjórnarfrumvarpi sem lagt var fyrir 148. löggjafaföng Alþingis. Ráðherra þarf að upplýsa hvaða nauðsyn liggur að baki þeim viðamiklu breytingum sem nú sem finna í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum frá því stjórnarfrumvarpi sem lagt var fram á 148. vörþingi. Þær breytingar hafa ekki verið ræddar eða kynntar Landssambandinu og virðast hafa átt að fara leynt þar til heildstætt plaggið er nú lagt fram í gerbreyttri mynd. Landssambandið gagnrýnir ráðherra harðlega fyrir algeran skort á samráði við Landssamband veiðifélaga við þær veigamiklu breytingar sem hann hefur gert á fyrra frumvarpi og telur þá málsmeðferð ekki í samræmi við það sem mælt er fyrir um í handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. Landssambandið bendir á að hér er um nýja stefnumörkun að ræða sem horfir til grundvallarbreytinga á löggjöf um fiskeldi. Í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum er ráðgert að færa ráðherra óskorað vald til að hafa niðurstöður áhættumats að engu þegar hann annað hvort staðfestir áhættumat eða synjar því. Þá er áhættumat Hafrannsóknarstofnunar orðin TILLAGA Hafrannsóknarstofnunar að áhættumati,

sem á síðan að sæta þvælingi til svonefnds samráðsvettvangs sem er þá orðin nokkurskonar yfirvísindastofnun, og enn síðar ráðherra til staðfestingar. Þannig eru öll ákvæði viðkomandi áhættumatinu, sem áður voru skýr og skilgreind í tillögum starfshópsins og einnig í hinu fyrra frumvarpi, með áorðnum breytingum orðin óljós og matskennd í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum. Virðist það gert í þeim tilgangi einum að færa ráðherra málaflokksins geðþóttavald yfir umhverfismálum fiskeldisins enda sýnist ráðherra ekki þurfa að rökstyðja ákvörðun sína um hvort áhættumat skuli gilda hverju sinni eður ei.

Í 2. kafla greinargerðar um tilurð og nauðsyn lagasetningar segir enn fremur að:

*„Gert er ráð fyrir að með lagasetningunni verði náð meiri sátt um uppbyggingu fiskeldisins þannig að það geti vaxið eðlilega í sátt við helstu hagsmunaaðila og ekki síst að ímynd íslensks fiskeldis verði umhverfisvæn sem aftur skapi sérstöðu íslenskra fiskeldisafurða á markaði.“*

Landssamband veiðifélaga telur rétt af þessu tilefni að upplýsa að verði það frumvarp sem hér er til umfjöllunar óbreytt að lögum er verið að efna til stórfelldra átaka stjórnvalda og löggjafans við okkur sem gætum hagsmuna veiðiréttareigenda að lögum. Er það þá í annað sinn sem samkomulag hagsmunaaðila og stjórnvaldsins um takmarkanir á meðferð norskra frjórna laxa í sjó er svikið af hálfu stjórnvalda. Hið fyrra tilvik var þegar hagsmunaaðilar og stjórnvöld gerðu samkomulag um að aðeins skyldi leyfa eldi norskra frjórna laxa í landeldi. Aldrei skyldi heimilt að ala slíkan fisk í sjókvíum. Það samkomulag var gert árið 1988, en var síðan að engu haft af stjórnvöldum rúmum áratug síðar. Landssambandið vill því nota þetta tilefni til að lýsa því yfir að verði ekki gerð breyting á meðferð áhættumats í frumvarpinu til samræmis við það samkomulag sem allir undirrituðu í starfshópi um stefnumörkun í fiskeldi hafa stjórnvöld slitið öllu samtali um fyrirkomulag fiskeldis á Íslandi og mögulegur grundvöllur algerlega brostinn fyrir nokkru því sem frumvarphöfundur nefnir sátt við helstu hagsmunaaðila um uppbyggingu þess.

Þá verður ekki fram hjá því litið að verulegs misræmis gætir annars vegar í lýsingu á markmiðum og efni lagasetningar í greinargerð með drögum að frumvarpi og hins vegar á efni einstakra greina þess. Því skorar Landssamband veiðifélaga á ráðherra að leggja frumvarpsdrögin til hliðar og hefja nú þegar vinnu við heildarendurskoðun fiskeldislaga nr. 71/2008.

### ***Um Samráðsvettvang***

Landssamband veiðifélaga mótmælir þeirri fyrirætlun að setja með lögum á laggirnar samráðsvettvang sem hafi það verkefni „að leggja mat á forsendur og úrvinnslu þeirra gagna sem áhættumat erfðablöndunar byggir á.“ Hvergi er að finna rökstuðning í greinargerð fyrir nauðsyn þess að leikmenn skuli endurskoða verk okkar fremstu vísindamanna á Hafrannsóknarstofnun. Þegar ráðherra vegur með þessum hætti að einni mikilvægustu vísindastofnun Íslands sem undir hans ráðuneyti heyrir, þarfnast slíkt rökstuðnings og nákvæmra útskýringa. Landssambandið lítur þannig á að þetta ákvæði í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum jafngildi vantraustsyfirlýsingu ráðherra á Hafrannsóknarstofnun og þá vísindamenn sem þar starfa.

## Um lögfestingu áhættumats

Í greinargerð með frumvarpsdrögum segir að nauðsynlegt fyrsta skref þess að framfylgja stefnu stjórnvalda í fiskeldi er lögfesting áhættumats erfðablöndunar. Fyrir liggur að starfshópur um stefnumörkun í fiskeldi sem skilaði sameiginlegum tillögum um mitt síðasta ár náði samkomulagi um gerð áhættumats og hvernig skuli með fara í löggjöfni. Samkomulagið er eftirfarandi og var sérstaklega bókað og undirritað og liggur fyrir í gögnum starfshópsins.

### Fundarbókun nefndar um stefnumótun í fiskeldi

Starfshópurinn leggur til að sett verði í lög eftirfarandi ákvæði sem skyldar Matvælastofnun til að endurskoða framleiðslumagn hvers rekstrarleyfis í samræmi við niðurstöður áhættumats Hafrannsóknastofnunar á hverjum tíma. Starfshópurinn styður að frumvarp verði lagt fram á Alþingi í samræmi við framangreint. Lagt er til að í lög nr. 71/2008, um fiskeldi, verði sett svohljóðandi heimild vegna framleiðslumagns laxfiska í sjókvíaelði:

#### „6. gr.a. Heildarframleiðslumagn laxfiska í sjókvíaelði.“


Hafrannsóknastofnun skal gefa út áhættumat, sem Matvælastofnun skal leggja til grundvallar því magni frjónna laxa sem heimilt er að ala í sjókvíum hverju sinni.

Áhættumat skv. 1. mgr. skal Hafrannsóknarstofnun gefa út svo oft sem þörf þykir að mati stofnunarinnar en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Við útgáfu áhættumats skal Matvælastofnun endurskoða heimilt framleiðslumagn á grundvelli útgefna rekstrarleyfa. Framleiðslumagn frjónna laxfiska hvers rekstrarleyfis skal breytast hlutfallslega í hlutfalli við ásætlanlegt heildarframleiðslumagn frjónna laxfiska á svæðinu í samræmi við áhættumat Hafrannsóknastofnunar hverju sinni skv. 1. mgr. Framleiðslumagn útgefins rekstrarleyfis skerðist ekki ef rekstrarleyfishafi ákveður að nota ófrjónan lax í eldi til að mæta fyrirhugaðri skerðingu.“

Reykjavík 25. júlí 2017

Undirritun nefndarmanna til samþykkis



The image shows several handwritten signatures in black ink. The signatures are written in a cursive style. Below the signatures, the names of the signatories are printed in a smaller font: "Sigrún Björnsdóttir", "Sigrún Björnsdóttir", and "Sigrún Björnsdóttir".

Eins og sjá má hér að framan var gert samkomulag í starfshópnum sem naut stuðnings og samþykkis Landssambands veiðifélaga og Landssambands fiskeldisstöðva um orðalag og innihald lagaákvæðis um áhættumat Hafrannsóknarstofnunar. Þetta samkomulag gerir ekki ráð fyrir og gyrðir raunar fyrir pólitísk eða hagsmunatengd afskipti af vísindunum andstætt því sem fyrirbyggjandi frumvarpsdrögin mæla fyrir um. Við gerð þess var litið til fyrirmæla náttúruverndarlaga sem vikið er að hér að framan. Ef litið er til þess hvernig frumvarpsgreinin lítur út í fyrirbyggjandi drögum má ljóst vera að ekki er verið að lögfesta áhættumat

Hafrannsóknarstofnunar. Það er að vísu fjallað um áhættumatið í frumvarpsgreininni, en bæði samráðsvettvangur og ráðherra hafa í raun sameiginlega allt um það að segja um hvort *tillaga* Hafrannsóknarstofnunar að áhættumati liggur að nokkru gagni til grundvallar því magni frjórna laxa sem kann að verða heimilað í sjókvíum eður ei. Því verður ekki annað séð en frumvarpshöfundur hafi markvisst unnið að því að veikja ákvæðið um áhættumat erfðablöndunar í lögum þannig að það verði nánast til sýnis og uppá punt í löggjöfni. Svo langt er gengið að ráðgert er að ráðherra geti fyrirskipað endurskoðun þess þegar og ef honum svo sýnist.

### ***Um einstakar greinar frumvarpsins***

Landssambandi ítrekar þá kröfu sína að fyrirbyggjandi frumvarpsdrög verði lögð til hliðar og heildarendurskoðun fiskeldislaga nr.71/2008 verði hafin hið fyrsta. Hlíta skuli fyrirmælum IV. bráðabirgðaákvæðis 1. nr. 49/2014 um heildarendurskoðun laganna, en í nefndaráli atvinnuveganefndar með lögunum segir:

*„Nefndin leggur til að ráðherra hefji sem fyrst heildarendurskoðun laga um fiskeldi enda hafa miklar framfarir orðið í fiskeldi hin síðari ár og nauðsynlegt er að löggjöf endurspegli þá þekkingu.“*

Heildarendurskoðun skal því fara fram og mikilvægt er að við þá vinnu verði vandað til verka og reglur um samráð við þá aðila sem ríkra hagsmuna eiga að gæta virtar. Því er ljóst að með þeim bræðingi sem nú hefur verið kynntur sem frumvarp til laga, uppfyllir ráðherra ekki fyrirmæli bráðabirgðaákvæðis laganna. Þá ber þessi tillaga að frumvarpi þess glöggt vitni að hagsmunaaðilar veiðiréttar og veiði eru alfarið sniðgengnir við frumvarpsgerðina og allar breytingar eru gerðar fiskeldismönnum í vil. Eigi að síður telur Landssambandið rétt að fjalla á þessu stigi um nokkrar greinar í fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum.

### ***Um 1. grein.***

1. *Áhættumat erfðablöndunar.* Hér er að finna nokkra breytingu frá þeirri skilgreiningu sem Hafrannsóknarstofnun lagði til við starfshóp um stefnumörkun. Bætt hefur verið í orðskýringarákvæðið setningunni: „*að teknu tilliti til mótvægisáðgerða*“. Ljóst er að hér er um gildishlaðið orðalag að ræða þar sem áhættumat byggir óhjákvæmilega á því að tillit er tekið til fjölmargra þátta. Telja má öllu nauðsynlegra að þess í stað verði bætt við greinina: *að teknu tilliti til þess að framandi frjór laxastofn er notaður í eldið.* *Mótvægisáðgerðir* eru einn fjölmargra þátta sem taka skal tillit til við gerð umhverfismats. Því koma *mótvægisáðgerðir* eðli málsins samkvæmt til skoðunar í umhverfismati í hverju tilviki fyrir sig líkt og lög nr. 106/2000 kveða á um. Það er svo hlutverk Skipulagsstofnunar að leggja mat á tillögur framkvæmdaraðila um *mótvægisáðgerðir*. Þessi breyting er því óeðlileg og óþörf og á ekki heima í lögunum um fiskeldi. Því ber að fella þessa viðbót brott. Verði það ekki gert verður einnig að tilgreina þá meginþætti sem vega þungt og krefjast aukinnar varúðar í áhættumati.
2. Í gildandi fiskeldislögum er nú þegar að finna orðskýringaákvæði um villtan fiskistofn. Laxastofnar falla þar undir líkt og aðrir ferskvatnsstofnar sem lögunum er ætlað að vernda. Samsvarandi ákvæði er að finna í lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Að skýra villtan laxastofn í fiskeldislögum þessu til viðbótar er því aðeins orðrétt endurtekning á orðskýringu sem fyrir er í fiskeldislögum og geta slík vinnubrögð vart talist til vandaðra lagasmíða. Hinsvegar er ekki að finna skilgreiningu í lögum hvað telst vera laxastofn og því eðlilegra að bæta þar við orðskýringar ef eyða þarf einhverri lagalegri óvissu í þessum efnum. Nauðsynlegt er að hafa í huga að strangar reglur eru í lögum og reglugerðum um seiðasleppingar í veiðivötn. Óheimilt er að fara með laxastofna milli óskyldra fiskihverfa. Þessar reglur er settar til verndar einstökum laxastofnum í veiðivatni eða fiskihverfi. Hið sama má segja um markmið fiskeldislaga. Tilgangur þeirra er m.a. að koma í veg fyrir erfðamengun í íslenskum laxastofnum. Landssambandið telur því rétt að í stað orðskýringarinnar *villtur laxastofn* komi:

*Laxastofn:* Hópur laxa með sameiginleg erfðamörk og uppruna á í sama fiskihverfi.

Þá er einnig rétt að benda á að ekki er að finna í fiskeldislögum skilgreiningu í á því hvað telst vera framandi fiskistofn í íslenskri náttúru. Ný lög um náttúruvernd veita leiðbeiningu um þessi efni sbr. eftirfarandi 8. tl. 2. gr. laganna:

*..“ afbrigði, kyn eða stofn, þ.m.t. lifhlutar, kynfrumur, fræ, egg eða dreifingarform sem geta lifað af og fjölgað sér, sem menn hafa flutt vísvitandi eða óvitandi út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði eftir árið 1750.“*

Landssambandið telur því rétt og gerir tillögu um að eftirfarandi orðskýring um *framandi fiskistofn* verði tekin upp í orðskýringarákvæði 2. gr. laga nr. 71/2008:

*Framandi fiskistofn:* Fiskistofn eða afbrigði hans sem getur lifað af og fjölgað sér, og fluttur hefur verið til landsins eftir árið 1750.

#### *Um 2. grein.*

*Um a. lið.* Landssambandið gerir kröfu um að a. liður um samráðsvettvang falli brott og vísar til umfjöllunar hér að framan um það efni. Verði talin einhver nauðsyn til að setja samráðsvettvang á stofn með lögum er það lágmarkskrafa að felld verði brott öll ákvæði sem lúta að afskiptum vettvangsins af áhættumati erfðablöndunar. *Um b. lið.* Landssambandið leggst eindregið gegn því að fellt verði brott úr lögum ákvæði um að ráðherra skuli leita álits hagsmunaaðila við setningu reglugerða á grundvelli fiskeldislaga. Setning reglugerða eða breyting á þeim varðar með beinum hætti þá hagsmuni sem Landssambandið skal standa vörð um lögum samkvæmt. Ákvæði b. liðar falli brott. Greinin verði þannig óbreytt að öðru leyti, að hún fjalli þá aðeins um brottfall ákvæðis um skylduáðild fiskeldisfyrirtækja að Landssambandi fiskeldisstöðva.

#### *Um 7. grein.*

Landssamband veiðifélaga mótmælir harðlega þeim breytingum á meðferð áhættumats erfðablöndunar sem ráðgerð eru og fram koma í frumvarpsdrögum þessum sbr.

umfjöllun hér að framan. Þessar breytingar eru í engu samræmi við tillögur sem samkomulag náðist um í starfshópi um stefnumótun í fiskeldi. Landssambandið gerir kröfu um svofellt óbreytt orðalag sem kom fyrir í frumvarpi ríkisstjórnar á vorþingi 2018 og er efnislega samhljóma undirrituðu samkomulegu starfshóps um stefnumörkun í fiskeldi:

*Hafrannsóknastofnun skal gefa út áhættumat erfðablöndunar þar sem fram kemur það magn frjórra laxa, mælt í lífmassa, sem leyfilegt er að ala í sjókvíum hverju sinni. Áhættumat erfðablöndunar skal Hafrannsóknastofnun gefa út svo oft sem þörf þykir að mati stofnunarinnar en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Matvælastofnun skal hafa eftirlit með að leyfilegur lífmassi frjórra laxa í rekstrarleyfi sé í samræmi við niðurstöður áhættumats erfðablöndunar á hverjum tíma. Lífmassi frjórra laxa hvers rekstrarleyfis skal þannig breytast í hlutfalli við leyfilegan lífmassa frjórra laxa á svæðinu samkvæmt áhættumati erfðablöndunar hverju sinni skv. 1. mgr.*

Felld verði brott öll ákvæði greinarinnar að um tillögu að áhættumati Hafrannsóknarstofnunar sé að ræða og einnig ákvæðið um að áhættumat skuli sæta staðfestingu ráðherra. Þá verði öll ákvæði sem heimila samráðsvettvangi nokkur afskipti af forsendum eða gerð áhættumats felld brott. Þá verði einnig felld brott úr greininni heimild ráðherra til að krefjast þess að áhættumat verði endurskoðað þegar og ef honum þurfa þykir.

#### *Um 19. grein.*

Landssamband veiðifélaga telur að hér sé verða að marka kolranga stefnu varðandi gjaldtöku af sjókvíaeldi. Með greininni er ráðgert að rekstrarleyfishafi sem stundar umhverfisvænt laxeldi í sjókvíum greiði hálf gjald í Umhverfissjóð sjókvíaeldis í hlutfalli við rekstrarleyfishafa sem elur frjóan lax í sjókvíum. Landssambandið leggur ríka á herslu á að hverskonar gjaldtöku verði stýrt í þann farveg að um raunverulegan hvata verði að ræða til að hverfa frá eldi á frjóum laxi í sjókvíum og til þess að teknar upp umhverfisvænni eldisaðferðir s.s. eldi á gelfiski eða eldi í lokuðum kerfum o.s.frv. Hverskonar sérstök gjaldtaka eða skattlagning á vistvænna eldi á þessu stigi er fráleit og mun aðeins gera það að verkum að eldisfyrirtæki sjá ekki efnahagslegan ávinning í að söðla um frá núverandi eldisaðferðum.

Landssambandið leggur því til að gjald í Umhverfissjóð sjókvíaeldis verði aðeins innheimt af þeim fyrirtækjum sem ala frjóan lax í sjókvíum en rekstrarleyfishafar sem ala ófrjóan fisk eða starfrækja eldi í lokuðum eldibúnaði verði undanþegnir gjaldinu.

#### *Um 22. grein.*

Gerð er athugasemd við bráðabirgðarákvæði frumvarpsdraganna e(V). Í ákvæðinu er að finna fyrirmæli um að Hafrannsóknastofnun skuli leggja tillögu að endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar fyrir samráðsvettvang um fiskeldi innan tveggja mánaða eftir gildistöku laganna. Landssambandið vekur athygli á að engin reynsla er komin á nýlega útgefið áhættumat Hafrannsóknastofnunar sem miðast við 72þ tonna hámarkslífmassa frjórna laxa í sjókvíum. Nú losar ársframleiðslan rúmlega 10þ tonn.



Því er engin reynsla komin á umhverfisáhrif 72þ. tonna lífmassa frjórta laxa í sjókvíum við Ísland. Við þessar aðstæður er fráleitt með öllu að lögbinda endurskoðun á áhættumati svo fljótt eftir útgáfu þess. Landssambandið leggur þunga áherslu á að bráðabirgðaákvæðið falli brott.

### *I. Um skaðabætur*

Landssamband veiðifélaga setur fram þá kröfu að þegar lög um fiskeldi verða endurskoðuð, verði skaðabótaákvæði laganna tekið til sérstakrar skoðunar. Landssambandið bendir á að skaðabótaákvæði 18. gr. gildandi laga felur í sér ákvæði um bætur til handa rekstrareyfishafa í fiskeldi ef hann verður fyrir tjóni umfram aðra vegna ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna. *Skal tjón hans bætt úr ríkissjóði.* Landssamband veiðifélag telur eðlilegt að fiskeldisfyrirtækjum verði gert að kaupa umhverfistryggingu sem bætir tjón veiðiréttarhafa af völdum starfsemi þeirra. Að öðrum kosti verði skaðabótaskylda lögð á ríkissjóð. Hér er bæði átt við tjón af völdum slysasleppinga, smitsýkinga í fiski og útbreiðslu lúsa úr fiskeldi. Viðlíka tillögur voru lagðar fram þegar fiskeldislögum var breytt 2014 en náðu þá ekki fram að ganga. Því er gerð tillaga um að í fyrsta lagi verði 14. gr. b. gildandi laga breytt þannig að til viðbótar greininni komi 4. málslíður sem verður þá:

*Einnig skal umsækjandi leggja fram sönnun þess að hann hafi keypt ábyrgðartryggingu sem bætir tjón á villtum stofnum vegna starfsemi hans.*

Verði ekki samstaða um framangreinda breytingu á 14. gr. b. er lagt til að við 2. mgr. 18. gr. bætist svohljóðandi lokamálsliður:

*Ríkissjóður ábyrgist greiðslu skaðabóta reynist innheimta þeirra árangurslaus.*

Með framangreindri breytingu er þá tryggt að veiðiréttareigendur fái tjón sitt bætt hvernig sem til háttar um fjárhagsstöðu tjónvaldsins.

### *II. Um innflutning á notuðum eldisbúnaði.*

Í gildandi lögum er lagt bann við innflutningi á notuðum eldisbúnaði sbr. 20. gr. 1. nr. 71/2008. Innflutningur í formi kaupa eða leigu notaðra á notuðum brunnbátum til einstakra verkefna er þó undanþegin banninu. Hingað til hefur þótt öruggt að sóttþreinsa slík tæki milli verkefna en nú eru að koma í ljós í Noregi að brunnbátar bera með sér sýkingu milli eldissvæða. Er það um svokallaða PD (Pancreas disease) sýkingu að ræða. Sóttþreinsun brunnbáta kann því að vera fölsk vörn gegn dreifingu smits milli landa, sbr. meðfylgjandi bréf til ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála. Landssambandið telur í þessu ljósi að tekin sé óforsvaranleg áhætta með því að undanþiggja notaða brunnbáta innflutningsbanni og því brýnt að það ákvæði verði fellt brott úr gildandi lögum.

### *Samantekt*

Ekkert samráð var haft við Landssamband veiðifélag við gerð þeirra frumvarpsdraga sem hér liggja fyrir. Landssambandið gætir þó ríkra hagamuna veiðiréttareigenda lögum samkvæmt.

Frumvarpdrögin bera það með sér að á því eru augljós fingraför forsvarsmanna sjókvíaeldisstöðva á Íslandi. Efni frumvarpsins gengur þvert á undirritað samkomulag hagsmunaaðila og fulltrúa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindamálaráðherra sem sæti áttu í starfshópi ráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Ekkert tillit er tekið í frumvarpsdrögunum til ákvæða náttúrverndarlaga um vísindalegar ákvarðanir og alþjóðasamninga sem Ísland á aðild að, og þar með eru vísindamenn fótum troðnir með fráleitum ákvæðum um lögbundið verkefni samráðsvettvangs ásamt afskiptum ráðherra af áhættumati. Landsambandið gerir ófrávíkjanlega kröfu um að samkomulag sem undirritað var af fulltrúum stjórnvalda og hagsmunaaðila verði lagt til grundvallar við meðferð og framkvæmd áhættumats erfðablöndunar. Því leggur Landssambandið áherslu á að fyrirbyggjandi frumvarpsdrög verða aldrei, í óbreyttri mynd, grundvöllur að samkomulagi við hagsmunaaðila um uppbyggingu fiskeldis, líkt og boðað er í greinargerð með frumvarpsdrögunum.

Virðingarfyllst,

fh.

Landssambands veiðifélaga



Jón Helgi Björnsson,  
formaður LV

*Fylgiskjal:*

*Á bls. 11 og 12 er afrit af bréfi Landssambandsins til ráðherra dags 11. desember 2018.*

*Efni: Áhætta vegna notkunar erlendra brunnbáta hérlendis og dreifing PD í Noregi.*



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2018

**Efni: Áhætta vegna notkunar erlendra brunnbáta hérlendis og dreifing PD í Noregi.**

Landssamband veiðifélaga vill með bréfi þessu athygli yðar á þeirri áhættu sem fylgir notkun brunnbáta, sem leigðir eru erlendis frá við seiðaflutninga. Í gildandi lögum um fiskeldi er innflutningur á notuðum eldisbúnaði bannaður. Brunnbátar eru undanskildir slíku banni og hefur tíðkast að leigja slík tæki til seiðaflutninga frá Noregi. Í erindi sem dýralæknir fisksjúkdóma flutti á ráðstefnu Strandbúnaðar í mars 2017 kemur fram, að með vaxandi sjókvældi fylgi vaxandi ásækni í norska eða skoska brunnbáta til seiðaflutninga. Telur dýralæknir fisksjúkdóma vaxandi notkun brunnbáta frá öðrum löndum til helstu áhættuþátta þegar um dreifingu smitsjúkdóma í fiski er að ræða. Samt er það svo að ekki virðist vera fyrirstaða hjá yfirvöldum fisksjúkdóma að heimila notkun þeirra.

Í Noregi hefur smítrefing með brunnbátum verið rannsökuð og áhættumat unnið. Þar hafa yfirvöld, líkt og hér, talið nægjanlegt að sótthreinsa bátana þegar þeir fara milli stöðva. Nú hefur nýleg rannsókn norska Veterinærinstitúttet leitt í ljós að brunnbátar bera með sér smit SAV veirunnar milli eldissvæða sem veldur skæðum sjúkdómi í laxfiskum, PD (pancreas disease). Fjallað er um málið í fréttamiðlinum Kyst.no hinn 30 október s.l. Þar kemur fram að PD smit í laxfiskum er nú óðum að dreifast milli eldisstöðva í Noregi og er sterk fylgni milli notkunar brunnbáta og dreifingu sjúkdómsins. Ekki hefur ennþá uppgötvast hvernig bátarnir bera smitið milli stöðva en Eddar Brun hjá Veterinærinstitúttet telur að sótthreinsun báta og búnaðar komi ekki í veg fyrir smit.

Landssambandið telur í ljósi framangreindra upplýsinga að endurmeta þurfi hvort heimila skuli notkun innfluttra notaðra brunnbáta til seiðaflutninga hérlendis. Í viðamikilli skýrslu sem norskir sérfræðingar birta í *Journal of Fish Diseases* 2017, **40**, 141-155, er ítarlega fjallað um PD sjúkdóm í laxfiskum. Sjúkdómnum er lýst svo að hann hafi áhrif á fiskinn í sjó og leiði af sér lystarleysi hjá fiskum, breytta sundhegðun þeirra (abnormal swimming behaviour) og dauða. Það að sjúkdómurinn kemur fram í sjávarvist laxa getur verið lúmskt og leynt smiti hjá villtum fiski þar sem aflið í sjó koma aðeins í ljós sem minni endurheimtur úr hafi.

Í niðurstöðum rannsóknar norsku sérfræðinganna kemur fram að PD megi finna í villtum laxfiskum bæði í Noregi, Skotlandi og Írlandi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Landssambandið hefur aflað sér hefur ekki verið skimað fyrir PD í íslenskum laxfiskum.

Því liggur ekki fyrir hvort finna megi SAV veiruna í umhverfi þeirra héraðs. Ef sú er ekki raunin kann útbreiðsla PD til Íslands að hafa ófyrirsjáanlegar og óþekktar afleiðingar fyrir villta laxastofna á Íslandi. Landssambandið bendir á að aukin smittifægni í Noregi skapar vaxandi hættu á að notaðir brunnbátar beri PD til Íslands.

Landssamband Veiðifélaga telur brýnt að upplýst verði hvort þeir brunnbátar sem leigðir hafa verið erlendis frá hafi verið notaðir í PD smituðum eldisstöðvum. Þá fer Landssambandið fram á að ekki verði gefin út frekari leyfi til innflutnings á notuðum bátum fyrr en áhættumat hefur farið fram á notkun þeirra héraðs. Hér eru svo miklir hagsmunir í húfu að ekki verður við unað að haldið verði áfram á sömu braut þegar nýjar upplýsingar gefa vísbendingu um að vottorð um sóttþreinsun bátanna kunni að vera fólksk vörn gegn smitdreifingu.

Þá hvetur Landssambandið eindregið til þess að skimað verði hið fyrsta fyrir PD í eldislaxi í sjókvíum héraðs svo skera megi úr um hvort veiran hafi borist til landsins nú þegar. Þá verði einnig skimað fyrir PD í villtum laxfiskum þannig að leitt verði í ljós hvort SAV veiran kunni að leynast hér. Ef svo er ekki verður að áætla að SAV veiran geti haft alvarlegri áhrif á villta stofna en ella.

Þetta er í annað sinn sem ráðuneyti yðar er bent á þessa hættu. LV bendir á að verði innflutningur á brunnbátum til þess að hingað berist sjúkdómar er skaða innlenda laxa- og silungastofna skapar það skaðabótaskyldu umræddra fyrirtækja og þeirra sem leyfa slíkan innflutning.

Virðingarfyllt,  
fh.

Landssambands veiðifélaga



Jón Helgi Björnsson,  
formaður LV